



514. fundur Þingvallanefndar

8.maí 2024 kl 11:30-13:00

Nefndarsviði Alþingis í Smiðju

Mætt: Vilhjálmur Árnason formaður, Andrés Ingi Jónsson, Orri Páll Jóhannsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Tómas A.Tómasson. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir og Oddný Harðardóttir boða forföll. Auk þeirra sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Lilja Jónasdóttir lögmaður og Guðmundur Hannesson ráðgjafi

Formaður setur fund býður gesti velkomna.

Dagskrá

1. Tillaga að auglýsingu um Steindórshús

Gestir: Lilja Jónasdóttir lögmaður og Guðmundur Hannesson ráðgjafi.

Formaður fer yfir aðdragandann og biður ráðgjafa að fara yfir tillögu að auglýsingu og verklag. Guðmundur kynnir fyrir nefndinni ferlið við slíka auglýsingu og hvað hún felur í sér. Lilja fer yfir tímalínu á ferlinu og næstu skref. Meginatriði í auglýsingu eru að Þingvallanefnd óskar eftir áhugasömum aðilum til viðræðna um mögulega aðkomu einkaaðila að endurbyggingu og rekstri veitingahúss í sögufrægu húsi í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Ef til uppbyggingar og reksturs veitingahúss í Steindórshúsi, í þjóðgarðinum á Þingvöllum kemur, yrði sá rekstur boðinn út samkvæmt ákvæðum gildandi laga þar að lútandi og áskilinn er réttur til þess að nýta í mögulegum útboðsgögnum þær hugmyndir sem fram kunna að koma í samskiptum aðila. Formaður leggur til að auglýsingarferli verði samþykkt, nefndin hreyfir ekki við mótmælum.

Andrés Ingi Jónsson situr hjá og leggur fram eftirfarandi bókun:

Andrés Ingi Jónsson hefur verulegar efasemdir um að hugmyndir um uppbyggingu veitingahúss í Steindórsbústað séu í samræmi við þá þróun sem eðlileg er á skipulagi í sigdældinni innan þjóðgarðarins. Það er sjálfsagt að skoða endurbætur á bústaðnum og mögulega hófstílltan rekstur innan hans, en sumar þeirra sviðsmynda sem hafa verið til skoðunar fela í sér verulega stækkun á byggingunni og að starfseminni geti fylgt talsverð uppbygging í nágrenni hans vegna umferðar.

Formaður þakkar Lilju og Guðmundi fyrir fundinn.

2. Umferðarstýring sumar 2024 – tillögur.

Þjóðgarðsvörður kynnir umferðarstýringu fyrir árið 2024 sem eru svipaðar og árið 2023 sem gáfu góða raun og fólust í aðskilnaði stærri og minni hópferðabíla við gestastofu með virkri umferðarstýringu.

3. Önnur mál.

Almenningssamgöngur ræddar í kringum 80 ára afmæli lýðveldisins. Orri Páll ítrekar ósk um umræðu um stækkun þjóðgarðs fari á dagskrá nefndarinnar. Vilhjálmur Árnason formaður nefndi að það hafi verið fyrsti dagskrárliður á fundi sem var fyrir í vor. Verður á dagskrá næsta fundar.

Þjóðgarðsvörður ræðir mögulegar dagsetningar á ferð Þingvallanefndar til Þingvalla í upphafi sumars.

Fundi slitið